




Dagatal hindúa

Dagatal hindúa tekur mið af stöðu tunglsins þar sem hver mánuður nær frá einu nýju tungli til þess næsta. Hindúar nota þetta dagatal til að reikna út hvenær hátíðir og aðrir trúarlegir atburðir eiga sér stað.

Árinu er skipt í sex jafnlangar árstíðir sem hver inniheldur tvo mánuði. Vikudagarnir eru sjö og bera forn nöfn sem vísa til sólar og plánetanna.



Nýtt tungl kallast það þegar ekkert af upplýstri hlið tunglsins sést.

Eftirfarandi er tafla sem sýnir mánuðina í dagatali hindúa ásamt því í hvaða mánuðum í vestrænu dagatali þeir lenda yfirleitt.

Dagatal hindúa	Vestrænt dagatal	Helstu hátíðir
Chaitra	mars/apríl	Varsha Pratipada Rama Navami Hanuman Jayanti
Vaishākh	apríl/maí	
Jyaishtha	maí/júní	
Āshādhā	júní/júlí	
Shrāvana	júlí/ágúst	Janamashtami
Bhādrapad	ágúst/september	Raksha Bandhan Ganesh Chaturthi
Āshvin	september/október	Navaratri
Kārtik	október/nóvember	dívalí
Agrahayana	nóvember/desember	
Paush	desember/janúar	Makar Sankranti
Māgh	janúar/febrúar	Mahashivratri
Phālgun	febrúar/mars	Holí




Heiti árstíðar	Íslenskt heiti	Tímabil
Vasanta	vor	mars til maí
Grisma	sumar	maí til júlí
Varsa	regntímabil	júlí til september
Sarad	haust	september til nóvember
Hemanta	vetur	nóvember til janúar
Sisira	kuldatímabil	janúar til mars

Heiti dags á hindú	Íslenskt heiti dags	Pláneta
Sunnudagur	ravi-vara	sólin
Mánudagur	soma-vara	tunglið
Þriðjudagur	mangala-vara	mars
Miðvikudagur	budha-vara	merkúr
Fimmtudagur	guru-vara	júpíter
Föstudagur	sukra-vara	venus
Laugardagur	sani-vara	satúrnus



Hér er skýringarmynd af skiptingu ársins þar sem má sjá árstíðir, mánuði, tunglstöðu og hátíðir.



Spurningar

1. Hvaða árstíðir hafa hindúar sem við höfum ekki á Íslandi?
2. Við hvað miða hindúar mánuðina?
3. Skoðaðu hvað nöfn vikudaganna þýða. Hvaða tveir vikudagar hindúa heita í raun sama nafni og þeir íslensku?
4. Teiknaðu mynd af fullu tungli og nýju tungli.